

Persónuverndarstefna

Orkan heitir því að gæta fyllsta trúnaðar og virða rétt viðskiptavina sinna varðandi meðferð persónuupplýsinga um þá. Okkur er umhugað um persónuvernd og við viljum að viðskiptavinir okkar viti hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar um þá. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum sem falla undir stefnuna.

Persónuverndarlöggjöfin

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, sem og viðkomandi gerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Lögin taka m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

Ábyrgð

Orkan ber ábyrgð á skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni um viðskiptavinina sína.

Persónuverndarupplýsingar sem við söfnum

Orkan safnar og varðveitir m.a. eftirfarandi persónuupplýsingum um viðskiptavinina sína á grundvelli samnings við viðskiptavinina (t.a.m. samþykktara skilmála), gildandi persónuverndarlöggjafar og (þar sem við á) samþykkis viðskiptavina:

- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer. Þetta getur til dæmis átt við þegar viðskiptavinir sækja sjálfir um lykil á heimasíðu félagsins eða þegar viðskiptavinir hringja eða senda tölvupóst og óska eftir viðskiptum. Einnig getum við safnað tengiliðaupplýsingum ef viðskiptavinir samþykkja að fá efni frá okkur í markaðstengdum tilgangi.
- Upplýsingar um þjónustu- og/eða vörukaup, svo sem um dagsetningu viðskipta, hvar viðskiptin áttu sér stað og hvað var keypt. Slíkar upplýsingar fáum við þegar viðskiptavinir eiga viðskipti við okkur.
- Upptökur úr eftirlitsmyndavélum á stöðvum og verslunum okkar þar sem myndavélar eru. Upptökurnar eru geymdar í 90 daga.
- Samskiptasögu. Þegar viðskiptavinir hafa samband við okkur, hvort sem það er með fyrirspurn, beiðni um þjónustu eða annað, þá geymum við þá samskiptasögu
- Við söfnum upplýsingum sem vafri þeirra sem heimsækja heimasíður okkar senda, þ.e. gögn sem geta falið í sér upplýsingar eins og IP-tölu, tegund vafra, síður þjónustunnar sem og þegar viðskiptavinir heimsækja heimasíðuna, s.s. tíma og dagsetningu heimsóknar, þann tíma sem viðskiptavinir verja á þessum síðum og önnur talnagögn, og upplýsingum um lykilorð á þjónustuvefinn okkar.

Að jafnaði fáum við framangreindar upplýsingar beint frá viðskiptavininum en upplýsingarnar kunna þó að koma frá þriðja aðila, t.d. Credit Info, stjórnvöldum og/eða þjónustuveitendum viðskiptamanna. Þá kann persónuupplýsingum að vera safnað af netinu, bæði af heimasíðum, samfélagsmiðlum og gagnaböndum.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.